

Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2017

Gengi krónunnar lækkaði um 0,7% á árinu 2017 og velta á millibankamarkaði dróst saman um 42% frá fyrra ári. Seðlabankinn beitti innngripum á gjaldeyrismarkaði, einkum á fyrri hluta ársins, og dró þannig úr sveiflum í gengi krónunnar. Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði námu 70,3 ma.kr. Mikilvæg skref voru stigin við losun fjármagnshafta á árinu og voru veittar almennar undanþágur frá flestum takmörkunum á fjármagnsflutninga með breytingum á reglugerð í mars. Sveiflur í gengi krónunnar urðu mun meiri en árin á undan og má rekja það til losunar fjármagnshafta og mismunandi væntinga um gengisþróun framan af ári. Þegar kom fram á haustið dró verulega úr gengissveiflum. Gjaldyrisforðinn minnkaði á árinu vegna uppgreiðslna á erlendum lánnum ríkissjóðs og kaupa á aflandskrónueignum. Hann er þó enn stór í sögulegu samhengi og nam í árslok jafnvirði 27% af vergri landsframleiðslu.

Gengisþróun og viðskipti á gjaldeyrismarkaði

Gengi krónunnar veiktist um 0,7% frá upphafi til loka ársins. Gagnvart evru lækkaði gengið um 4,7% en hækkaði um 8% gagnvart Bandaríkjadal. Lægst var gengið í janúar en hæst í júní. Um 16% munur var á hæsta og lægsta skráða gildi gengisvísitölu ársins. Á mynd 3 sést gengisbreyting innan hvers mánaðar ársins, mest var hún í febrúar, 9,3%, en minnst í september, -0,5%.

Í upphafi árs ríkti nokkur óvissa um áhrif fyrirhugaðrar losunar fjármagnshafta og sjómannaverkfalls á gengi krónunnar. Í ársbyrjun kom til framkvæmda annað skref þriðja áfanga áætlunar stjórnvalda frá júní 2015 um losun fjármagnshafta þegar m.a. fjárhæðarmörk á fjármagnshreyfingar voru hækkuð umtalsvert¹. Í febrúar gaf Seðlabankinn vilyrði

¹ Sjá fréttatilkynningu á vef Seðlabanka Íslands: [Breytingar á reglum um gjaldeyris-mál o.fl.](#), 30.12.2016

um veitingu undanþágna vegna afleiðuviðskipta til varanlegra áhættuvarna² og í mars var það sem eftir var af fjármagnshöftum að mestu leyti losað með reglugerðarbreytingu³.

Skammtímasveiflur í gengi krónunnar jukust samhliða losun fjármagnshafta, m.a. vegna þess að framan af virtust markaðsaðilar töluvert óvissir og ósamstíga um hvaða stefnu gengið myndi taka í framhaldinu. Seðlabankinn dró einnig úr inn gripum á gjaldeyrismarkaði þegar leið að vori og útskýrði peningastefnunefnd það með því að gjaldeyrisforði væri nægilega stór og að gengi krónunnar endurspeglaði að mestu leyti undirliggjandi efnahagsþróun. Nefndin ítrekaði að Seðlabankinn myndi eftir sem áður grípa inn í markaðinn eftir því sem tilefni væri til og til að draga úr sveiflum.⁴ Á haustmánuðum minnkuðu skammtímasveiflurnar mikið og minna tilefni varð til inn gripa eftir því sem leið á árið.

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 407 ma.kr. árið 2017 og dróst saman um 42% frá árinu 2016. Hlutdeild Seðlabankans var um 20% af veltunni en um 55% árið 2016. Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði námu 70,3 ma.kr. (603 m.evra) sem er um 316 ma.kr. minna en árið 2016. Seðlabankinn hætti reglubundnum gjaldeyriskaupum í maí sl.⁵ en hafði fram að þeim tíma keypt 6 m.evra á viku í slíkum viðskiptum.

Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði fóru nánast al farið fram á fyrri helmingi ársins. Umfangsmest voru þau á fyrsta ársfjórðungi þegar bankinn keypti gjaldeyri fyrir jafnvirði 51,9 ma.kr. (444 m.evra) en seldi gjaldeyri í inn gripum fyrir jafnvirði 1,8 ma.kr. (15 m.evra). Mest keypti bankinn í febrúar, jafnvirði 35,8 ma.kr. (306 m.evra). Skömmu eftir að tilkynnt hafði verið um losun fjármagnshafta í mars seldi Seðlabankinn gjaldeyri í inn gripum en það hafði bankinn ekki gert síðan í nóvember 2014. Seðlabankinn seldi gjaldeyri aftur í nokkur skipti í júní og júlí til að mæta skörpum sveiflum í genginu. Eins og sést á mynd 2 átti Seðlabankinn engin viðskipti á gjaldeyrismarkaði í september, október og desember. Leita þarf aftur til ársins 2013 til að finna heilan almanaksmánuð án nokkurra viðskipta Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði.

² Sjá fréttatilkynningu á vef Seðlabanka Íslands: [Undanþágur vegna afleiðuviðskipta til áhættuvarna](#), 24.02.2017

³ Sjá fréttatilkynningu á vef Seðlabanka Íslands: [Nýjar reglur um gjaldeyrismál](#), 12.03.2017

⁴ Sjá á vef Seðlabanka Íslands. [Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, febrúar 2017](#). Sjá einnig: [Yfirlýsing peningastefnunefndar 17. maí 2017](#).

⁵ Sjá frétt á vef: [Seðlabanki Íslands hættir reglulegum gjaldeyriskaupum](#), 18.05.2017.

Gjaldeyrisforði

Gjaldeyrisforði Seðlabankans minnkaði um 130 ma.kr. á árinu 2017 og nam í árslok 686 ma.kr. (6,6 ma. Bandaríkjadala). Í lok árs svaraði hann til 27% af vergri landsframleiðslu, 39% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 8 mánuði.

Helstu ástæður þess að forðinn minnkaði á árinu voru endurkaup ríkissjóðs á skuldabréfi í Bandaríkjadöllum að andvirði 116 ma.kr. og skuldabréfi í evrum að andvirði 49 ma.kr. Gjaldeyrisviðskipti vegna kaupa Seðlabankans á aflandskrónueignum á tímabilinu frá mars til júní minnkuðu forðann um 99 ma.kr.

Á móti ofangreindum endurkaupum ríkissjóðs á skuldabréfum að fjárhæð 49 ma.kr. bauð ríkissjóður út skuldabréf í evrum sem stækkaði forðann um 62 ma.kr. Aðrir þættir sem stækkuðu forðann voru hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði sem námu 70 ma.kr. og önnur gjaldeyrisviðskipti sem námu 33 ma.kr.

Gengisbreytingar leiddu til 13 ma.kr. minnkunar forðans í krónum og ávöxtun forða jók hann um 3 ma.kr.

Í lok árs 2017 nam gjaldeyrisforðinn að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 568 ma.kr. Til samanburðar var forðinn 592 ma.kr. í lok árs 2016.

Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 587 ma.kr. í lok ársins 2017 samanborið við 609 ma.kr. í lok árs 2016.

Nánari upplýsingar veitir Már Guðmundsson seðlabankastjóri í síma 569 9600.

Tafla 1. Gjaldeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2015	2016	2017
Gengi krónunnar (-veiking /+styrking)	%	7,9	18,5	-0,7
Gengisflökt*	%	3,1	3,8	12,8
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	492,7	701,7	407,4
þar af velta Sí	%	55,3	55,1	20,0
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	272,4	386,2	76,7
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	m.kr.	0	0	6,4
Hrein gjaldeyriskaup Sí	m.kr.	272,4	386,2	70,3
Gjaldeyrisforði í Bandaríkjadöllum	m.USD	5.037	7.231	6.571
Gjaldeyrisforði	ma.kr.	652,8	815,8	686,1
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands**	ma.kr.	304	592	568
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka ***	ma.kr.	357,9	608,7	587,3
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF****	%	29	33	27
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi*****		9	10	8

* Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

** Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.

*** Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

**** Byggt á spá Seðlabanka Íslands un VLF fyrir árið 2017

***** Fimm ára meðaltal.

Mynd 1

Gengi íslensku krónunnar




Visitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir styrkingu krónunnar en lækkun sýnir veikingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2


Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði 2016-2017



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 3

Skammtíma gengissveiflur 2017



Heimild: Seðlabanki Íslands.